

# KYNJAFRÆÐI

Grunn- og framhaldsnám  
[hi.is/kynjafraedi](https://hi.is/kynjafraedi)



## Hvað eru mörg kyn?

Nánast allt í veröldinni hefur kynjafræðilegar hliðar og fátt er kynjafræðinni óviðkomandi. Kyn er grundvallarstærð í tilverunni og eitt af því sem skapar margbreytileika mannlífsins rétt eins og kynhneigð, kynvitund, kyntjáning, þjóðernisuppruni, aldur, stétt, fötlun og fleiri félagslegir áhrifaþættir. Allt þetta, og meira til, er viðfangsefni kynjafræðinnar.

Að skoða veröldina frá sjónarmiði kyns og margbreytileika er eins og að hafa heiminn í lit eftir að hafa bara séð hann í sauðalitinum.

### Námsleiðir í boði

Eftirfarandi námsleiðir eru í boði í kynjafræði:

- Kynjafræði, meistaranám (120e)
- Diplóma í hagnýtri jafnréttisfræði (30e)
- Kynjafræði, aukagrein í grunnnámi (60e)

Á meistarastigi er námið skipulagt þannig að hægt sé að stunda það með starfi. Í mörgum námskeiðum kynjafræðinnar er boðið upp á fjarnám.

Lýsingar allra námskeiða hér: <https://bit.ly/2x8Sdun>

### Að námi loknu

Kynjafræði er þverfræðileg og hagnýt grein. Eitt hlutverka hennar er að renna stoðum undir jafnréttisstarf í landinu og mæta þeim kröfum sem hið opinbera regluverk setur okkar. Til þess að jafnréttislög verði ekki dauður lagabókstafur þarf ekki einungis að hleypa lífi í umræðuna heldur einnig að ræða málin af þekkingu. Jafnréttis- og kynjafræðsla er lögboðin á öllum skólastigum, hún er nauðsynleg fyrir fjölmargar stéttir í samfélaginu, auk þess að vera gagnleg og skemmtileg fyrir alla sem vilja vinna að réttlæti, jafnrétti og lýðræðislegri þátttöku allra.

### Dæmi um starfsvettvang

Nám í kynjafræði veitir marga möguleika. Fólk með jafnréttis- og kynjafræðimenntun hefur starfað hjá hinu opinbera, hagsmunasamtökum og frjálsum félagasamtökum; við kennslu og fræðslustörf, fjölmiðla og upplýsingastörf, verkefna- og starfsmannastjórnun og sem jafnréttisráðgjafar. Kynjafræði er enn fremur hægt að taka til kennsluréttinda á framhaldsskólastigi.

Nánari upplýsingar má finna á:  
[hi.is/kynjafraedi](https://hi.is/kynjafraedi)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
STJÓRN MÁLA FRÆÐI DEILD

# Fjölbreytt nám í kynjafræði

## Kynjafræði, meistaranám

Meistaránám í kynjafræði er 120e og lýkur með 40-60e MA-ritgerð. Viðfangsefni nemenda eru af mjög fjölbreyttum toga, t.d. umhverfismál og samfélagsábyrgð í kynjuðu ljósi, kynjuð fjármál, kynbundið ofbeldi, kynjun í skrifum og skáldsögum, skólakerfið í kynjuðu ljósi, kyn og fötlun, hinsegin kynjafræði, staða erlendra kvenna á Íslandi og staða kvenna í tónlist. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega, hagnýta og aðferðafræðilega þekkingu til að takast á við kynjafræðileg viðfangsefni, jafnframt því að undirbúa þau undir rannsóknir á sviðinu.

## Diplóma í hagnýtri jafnréttisfræði

Diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði veitir nemendum hagnýta þekkingu í jafnréttisfræði. Í framhaldi af diplómanáminu geta nemendur sótt um MA-nám í kynjafræði. Diplómanám fæst að fullu metið hjá þeim nemendum sem samþykktir eru inn í MA-nám í kynjafræði.

## Kynjafræði, aukagrein í grunnnámi

Kynjafræði er kennd sem 60 eininga aukagrein. Skyldunámskeið eru 32 einingar og valnámskeið 28 einingar sem þýðir að nemendur hafa val um mikinn fjölda námskeiða í öðrum greinum.

## Fjarnám

Löng hefð er fyrir því að kenna kynjafræði í fjarnámi. Hægt er að taka flest skyldunámskeið kynjafræðinnar og hagnýtrar jafnréttisfræði, hvort sem er í stað- eða fjarnámi. Og hægt er að taka meginhluta námsins í fjarnámi.

## Skiptinám

Stjórn málafræðideild er í nánnum tengslum við erlenda háskóla og nemendur geta sótt um að fara sem skiptistúdentar til fjölda háskóla víða um heim. Margir hafa nýtt sér þessi tækifæri og fara flestir með ERASMUS og NORDPLUS stúdentaskiptum.

## Inntökuskilyrði, umsóknir

Inntökuskilyrði í meistaranám eru BA-, B.Ed.- eða BS-próf eða sambærilegt próf með fyrstu einkunn. Inntökuskilyrði í diplómanám eru BA-, B.Ed.- eða BS-próf eða sambærilegt próf. Í kynjafræði sem aukagrein er gerð krafa um stúdentspróf eða sambærilegt próf frá erlendum skóla.

Umsóknarfrestur um meistaranámið er til 15. apríl eða 15. október en diplómanámið til 5. júní eða 30. nóvember.

Rafræn umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Háskóla Íslands: [www.hi.is](http://www.hi.is)

Kostnaður: Árlegt innritunargjald Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um námið veita:

Elva Ellertsdóttir, deildarstjóri

Stjórn málafræðideildar,

s. 525 4573 netfang: [nemFVS@hi.is](mailto:nemFVS@hi.is).

Margrét S. Björnsdóttir s. 525 4254, netfang:

[msb@hi.is](mailto:msb@hi.is)

Skrifstofa Stjórn málafræðideildar

Gimli

við Sæmundargötu

101 Reykjavík

Sími 525 4500

[nemFVS@hi.is](mailto:nemFVS@hi.is)

[stjornmal.hi.is](http://stjornmal.hi.is)

Nánari upplýsingar má finna á:  
[hi.is/kynjafraedi](http://hi.is/kynjafraedi)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILD